



SKÓGRAEKT  
RÍKISINS

SKÓGARVÖRÐURINN Á HALLORMSSTAÐ

STARFSSKÝRSLA 1985

Jón Loftsson

## EFNISYFIRLIT.

1.1.	Tíðarfarsyfirlit.....	bls.	1
1.2.	Tafla I Meðalhiti, úrkoma, sólskinstundir.....	-	2
1.3.	Tafla II Hitastig undir frostmarki.....	-	3
1.4.	Tafla III Hiti yfir 20°C.....	-	3
1.5.	Tafla IV Lægsta hitastig.....	-	3
2.1.	Laufgun og lauffall.....	-	4
2.2.	Vöxtur.....	-	5
2.3.	Fræfall.....	-	5
2.4.	Skaðar.....	-	5
3.1.	Starfsfólk.....	-	6
4.1.	Girðingar viðhald.....	-	7
4.2.	Nýjar girðingar.....	-	8
5.1.	Viður.....	-	8
-	Tafla V Sala girðingarstaura.....	-	9
-	Tafla VI Sala á viði.....	-	9
5.2.	Jólatré.....	-	9
-	Tafla VII Sala jólatrjáa.....	-	10
6.1.	Fræplöntur.....	-	10
6.2.	Dreifsetning.....	-	10
6.3.	Garðplöntur.....	-	11
6.4.	Afhending skógarplantna.....	-	11
6.5.	Illgresiseyðing.....	-	11
6.6.	Nýframkvæmdir.....	-	11
6.7.	Ýmislegt í gróðrarstöð.....	-	12
6.8.	Kostnaður.....	-	12
6.9.	Sala á plöntum.....	-	12
7.1.	Gróðursetning.....	-	12
-	Tafla VIII Gróðursetning á Hall.....	-	14
8.1.	Kjarrhreinsun.....	-	13
9.1.	Viðhald húseigna.....	-	15
9.2.	Nývirki.....	-	16
10.1.	Vélar og verkfæri.....	-	17
11.1.	Framkvæmdir í Fljótsdal.....	-	18
-	Tafla IV Gróðursetning í Fljótsdalsáætlun.....	-	18
12.1.	Fundir og ferðalög.....	-	19
12.2.	Gestir Skógræktarinnar.....	-	20
12.3.	Ferðafólk.....	-	21
12.4.	a) Tilraunir með rótarskóga.....	-	22
	b) Skjólbeltatilraun Skógræktarfélags Íslands.....	-	23
12.5.	Iðnsýning á Egilsstöðum.....	-	23
12.6.	Skógræktarnámskeið.....	-	23
13.1.	Viðauki		
	a) Vinnustundaáætlun.....	1 blað	
	b) Fjárhagsáætlun.....	2 blöð	
	c) Gróðrarstöðvarskýrsla.....	15 blöð	

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1985

### I. Veðurfar ársins

#### 1.1. Tíðafarsyfirlit.

Páll Guttormsson hefur skráð eftirfarandi tíðafarsyfirlit fyrir árið 1984 á Hallormsstað.

Í janúar, febrúar og mars, var hitinn mjög nálægt meðallagi. Fyrstu 11 dagana í janúar, voru óvenjumiklar stillur miðað við árstíma. Þann 12 var hvassviðri af suðri og fylgdu því sviptivindar, ( brotnaði þá stóra blágrenið í Mörkinni nálægt þeim stað í trénu er brotnaði af mannavöldum fyrir liðlega 30 árum).

Í febrúar var suðlæg og suðvestlæg átt mjög algeng en í mars voru mjög tíðar áttabreytingar. Það var auð jörð frá 1- 20 janúar en frá 11 - 23 cm snjór eftir það í mánuðinum. Í febrúar var frá 11 - 20 cm snjór á jörð til 19 en autt eftir það. Í mars var snjór á jörð aðeins 6 daga, mest 9 cm. Frostið í jörð í marslok var 28 cm.

Frá 3 apríl til 23 voru hlýindi, meðalhiti  $2,5^{\circ}$ , en  $-2,2^{\circ}$  frá 24 - 27. Ísinn fór úr Lagarfljóti 18 apríl og vetrarblóm byrjaði að blómstra 23 apríl. Í apríl var úrfelli þriðjungu meira en meðalúrfelli.

28. apríl hlýnaði og hélst hin ágætasta veðráttu til 21 maí. Mánaðardagana 19 og 20 maí var hámarkshiti með því hæsta sem hann verður í maí. Fór gróðri þá mjög vel fram og lerki var fullútsprungið 20 maí. En frá 22 -27 maí var NA kald og meðalhiti  $2,2^{\circ}$ , þá daga stóð gróðurinn í stað en rigning varð 8 mm og tún urðu algræn 29 maí. Frostið fór úr jörð í skóginum 31 maí. Heggur byrjaði að blómstra 31 maí.

Birkiskógurinn var fullútsprunginn 2 júní. Frá 3 - 13 júní var meðalhitinn  $6,4^{\circ}$  og fór gróðri þá hægt fram, þó blómguðust blómplöntur er blómgast fyrst á vorin smátt og smátt, síðustu dagana í maí og fyrstu dagana í júní. Þegar hitinn hækkaði 14 júní fór öllum gróðri mjög vel fram. Byrjaði t.d. reyniviður að blómgast þann 20. Sprotavöxtur trjáa fór vel af stað upp úr 20 júní og var vöxturinn mjög jafn og góður er líða tók á mánuðinn. Úrkoman 18 júní og 27-30 kom í góðar þarfir fyrir vöxtinn, í viðbót við hina ríkulegu úrkomu í apríl er enngætti í skógi og ræktuðu landi. Aftur á móti var hún of lítil fyrir gróður á þurrlendi í útjörð er varð algræn 2 júlí.

Vöxtur var mjög góður til og með 11 júlí, en hraðaði niður 12 og 13 er meðalhitin var  $5,2^{\circ}$ . Vöxtur var einnig hægari frá 18 -24 júlí er meðalhiti var  $8,2^{\circ}$  en góður síðustu viku í júlí því þá var mjög sólríkt og meðalhitinn  $11,0^{\circ}$ .

Frá ágústbyrjun til 22 var meðalhitinn  $9,0^{\circ}$  með stöðugri A og NA átt, mesti vindhraði 5 v. stig. Það rigndi 22 sólarhringa í mánuðinum. Er leið að 20 ágúst voru árssprotar trjáa yfirleitt að byrja að búa sig undir veturinn. Frá 24 ágúst

til mánaðarmóta var meðalhiti 5.2°, stöðvaðist þá alveg framför þerjavísira. Sigurskúfur byrjaði að blómstra 2 ágúst, beitilyng 4 ágúst og broddfura þann 6.

Í september var NV átt lang algengust, varð hvössust 5 v.stig. Sólskinsstundir voru með færra móti í mánuðinum. Fyrsta frost í mælaskýli var 21 sept., -1.0° og -1.2° þann 22. Var lerki þá mjög víða búið að loka brumum og eins lauftré í gróðarstöðinni vel á veg komin fyrir veturinn.

Í október var mest frost þann 10 okt - 4.4°. Meðalhitinn var liðlega 2.0° hærri en meðaltalið til 11 okt en eftir það til 31 4.4° yfir meðaltal. Þann 10 okt var byrjað að koma dálítið frost í ógróna jörð en það fór fljótt eftir að hlýindin byrjuðu þann 12. Hámarkshiti varð 19.1° 14 okt. og 15.3° mánaðardagana 28 og 29. Það var áberandi mikið af brennisóley að skjóta upp kollinum í túnum seint í hlýindakaflanum. Þótt algengt væri hvassviðri af VSV í október var ekki teljandi sandfok af öræfum, má þakka það að vindur stóð aðeins stutta stund í einu af hávestri.

Fram að 12 nov. var NV átt langalgengust. Mesta veðurhæð frá 1 til 12 nov varð NV 6., en mesta snjódýpt var þá 15 cm. en 9cm frosts skán kom þá í jörð í skóginum. Frá síðarihluta dags 12 nov var SSV átt til og með 22, rigndi þá 7.4 mm á 10 dögum.

Frá 22 nóv. voru tíðar áttabreytingar og einnig í desember. Allan desember var snjór á jörð, mest 28 cm frá 4-10. Tvo síðustu mánuði ársins var hitinn 2.5° lægri en meðaltalið. Þykkt frostsins í jörð í skóginum var 15 cm í árslok.

## 1.2. Tafla I.. Meðalhiti, úrkoma, sólskinsstundir

Mánuður	Hitastig í °C		Úrkoma í mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðallagi	Sam- tals	Vik frá meðallagi	Samt- tals	Vik frá meðallagi
Janúar	-1,8	-0,1	25,1	+14,5	0,0	-0,5
Febrúar	-1,0	+0,2	49,7	-27,5	32,7	-0,6
Mars	-1,4	-0,1	57,3	+ 0,1	99,5	+14,0
Apríl	+1,3	+0,3	58,8	+19,7	120,5	-20,5
Máí	+6,3	+1,3	13,0	-11,8	220,0	+40,3
Júní	+8,4	-0,4	19,8	-10,1	148,4	-10,1
Júlí	+9,7	-1,1	43,9	+ 4,6	172,5	- 4,0
Ágúst	+8,0	-1,9	68,3	+26,9	66,3	-75,7
Sepember	+5,3	-1,6	34,3	-17,6	66,5	-24,3
Október	+6,3	+3,6	30,6	-39,1	38,4	-23,3
Nóvember	-1,8	-1,0	88,0	+32,9	9,7	- 9,1
Desember	-3,4	-2,6	60,9	-32,9	0,0	0,0

1.3. Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð og í mælaskýli á tímabilinu 10 maí til 30 sept.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð.
Maí	10	0.7	-4.0
"	13	2.0	-2.0
"	14	2.9	-1.8
"	15	2.4	-2.3
"	23	-1.1	-2.3
"	24	-0.7	-1.0
"	25	0.5	-0.3
Júní	5	-0.7	-2.0
"	14	2.6	-2.5
Agúst	6	0.8	-2.0
September	3	0.3	-3.0
"	4	-0.3	-3.7
"	5	-2.1	-3.2
"	7	0.7	-3.5
"	16	0.0	-3.5
"	18	2.0	-3.4
"	19	0.7	-1.0

1.4. Tafla III. Hiti fast að og yfir 20°C um sumarið

Mánuður	Dagur	Hámarkshiti °C
Maí	19	21.4
"	20	18.7
Júlí	2	18.6
Agúst	15	18.8

1.5. Tafla IV. Lægsta hitastig að vetri

Mánuður	Dagur	ágmarkshiti
Janúar	31	-14.5
Febrúar	1	-15.3
Nóvember	6	-12.3
Desember	26	-13.2
"	28	-12.8

## II. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

<u>Lauftré</u>	<u>laufgun</u>	<u>lauffall</u>
Birkiskógurinn	2.júní	2.okt.
Gróðursett birki Bæjarst.	22.mai	
Hengibjörk :		
Storhoven	20.mai	
Tammerfoss Finnl.	19.mai	
Birki nr 26 Hallorm.	21.mai	
Rognan Noregi	20.mai	
Alaskaösp:		
Gróðursett 52	20.mai	6.okt.
Valdíz	19.mai	
Copper river delta	28.mai	
Íslensk ösp:		
Gestsstöðum	7.júní	
Garði	10.júní	
Elri sáð 1956	29.mai	
Barrtré		
Lerki		
Irkutsk	18.mai	14.okt
Hakaskoja	19.mai	
Senkursk	19.mai	
Arkangelsk	20.mai	
Altai	20.mai	18.okt
Raivola	19.mai	
gróðursett 1922	19.mai	
Miðevrópulerki	28.mai	1.nov.
Fjallapínur	16.júní	
Sitkagreni		
Seward	10.júní	
Cordova	21.júní	
Hvítgreni	16.júní	
Douglasgreni	18.júní	
Rauðgreni		
Umeå	20.júní	
Rana	20.júní	
Blágreni	23.júní	

## 2.2. Vöxtur.

Eins og fram kemur í tíðarfarsyfirliti Páls er sumarið 1985 bæði kalt og votviðrasamt. Það er aðeins einn dagur um sumarið að hiti fer yfir 20°C meðan þeir voru 16 árið 1984. Þrátt fyrir þetta er vöxtur í trjám mjög góður sérstaklega í greni þar sem iðulega mælast sprotar um og yfir 50 cm. Lengsti sproti sem við höfum mælt í greni að þessu sinni er 86 cm en það er sitkagreni sennilega Homer gróðursett á Ormsst. 1970. Vöxtur í lerki er í meðallagi og sömuleiðis í birkiskóginum. Eitt atriði er það sem vekur athygli er að gamli birkiskógurinn hefur sum staðar gengið í endurnýjun lífdaganna, tré sem lítið sem ekkert hafa vaxið undanfarin ár, orðin kollótt, hafa nú langa og beina toppsprota sem standa upp úr kollinum, sömuleiðis er mikill vöxtur í teinung.

## 2.3. Fræfall.

Fræ var illa þroskað eftir hið kalda sumar og því litlu safnað. Páll Guttormsson safnaði lítilsháttar af fræi sem hér segir:

Birkifræ af láglandsbjörk Tammerfoss	50 gr
Reynifræ meðfram þjóðvegi v/ Hallormsst.	3.5 kg
Lindifurukönglar	130 l
Broddfurukönglar	70 l

Starfsmenn frá Mógilsá söfnuðu hér einhverju fræi meðal annars af Fjallabín.

## 2.4. Skaðar.

### 2.4.1. Frost.

Litlar skemmdir urðu af frosti bæði vor og haust, einstaka lerki virðist þó hafa átt í erfiðleikum að þroska vetrarbrum, það er þó óverulegt.

### 2.4.2. Skordýr.

Ekki er allt svo slæmt að ekki boði eitthvað gott. Þetta má segja um hið kalda sumar hvað varðar skordýrin. Á árinu voru gerðar ráðstafanir m.a. með kaupum á afkastamikilli eiturúðunardælu til að taka upp baráttuna við köngulinginn sem gerði mikinn ursla sumarið 1984. Hin kalda og votviðrasama veðrátt kom nú í veg fyrir að hann næði sér nokkuð á strik og jukust skemmdirnar ekki á milli ára. Sitkalúsin niður á fjörðum lét heldur ekki á sér kræla enda hafði stofnin hrúnið í frostum um veturinn, og lítið fyrir hana að éta þar sem trén standa barrlaus utan kannski síðasta árssprota. Útbreiðslan hélt þó áfram og fannst lúsin nú á Seyðisfirði en gerði ekki mikin skaða.

Það virðist skipta sköpum fyrir trén að þau haldi einhverju barri, síðasti árs-sproti virðist nægja til að þau nái sér á strik aftur. Ef aftur á móti allar nálar fara virðist tréð ekki hafa hæfileika til að opna ný brum sem mynduðust haustið áður. Þetta ætti að kenna okkur að við verðum með öllum ráðum að koma í veg fyrir að nálar síðustu árssprota eyðileggist, fara þá af stað með sprautun um vorið ef frost hefur ekki eytt stofninum.

#### 2.4.3. Sveppsjúkdómar.

Ekki var mikið vart við douglassveppinn á lerki í sumar nema þá helst í ungum lerkigróðursetningum í landi mjóaness og Strandar, og má rekja það til frostskemda í vor, serstaklega í jöðrum sem standa áveðurs, og eins sem afleiðing af beit hreindýranna.

#### 2.4.4. Snjóþyngsli og vindur.

Engar skemmdir teljandi urðu af snjóþyngslum að þessu sinni. Eins og áður er getið brotnaði stóra Blágrenið í Mörkinni illa í stormi í janúar. Brotnaði ca. 5 m toppur ofan af og eftir því sem Páll Guttormsson segir mér er það á sama stað og tréð var skemmt af mannavöldum fyrir um 30 árum.

#### 2.2.5. Fuglar og spendýr.

Flækingsfuglinn Krossnefur gerði mikinn ursla í barrtrjásáningunni í stóra gróðurhúsinu í sumar. Má heita að sáningin væri ónýtt og var reynt að sá aftur að hluta með heldur lélegum árangri. Attuðu menn sig ekki á hvað væri að gerast strax og hreinsaði fuglinn fræið úr bökkunum á örfáum dögum. Hurfu þessir fuglar héðan nokkrum vikum seinna og hafa ekki sést hér síðan.

Hreindýr ullu töluverðum skemmdum í lerkigróðursetningum í Hafursá, Mjóanesi, Gunnlaugsstöðum og Strönd. Þetta er orðin árviss uppákoma og tilfinnanlegt tjón sem dýrin valda.

### III. STARFSFÖLK .

Alls komust 38 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins Hallormsstað árið 1985. Þar af má telja 9 starfsmenn sem unnu allt árið, 8- 12 mánuði.

Launagreiðslur til fólks eftir ASI töxtum..... 4.534.416 kr  
Launagreiðslur til fólks í BSRB og BHM ..... 1.566.416 kr

Sundurliðun á vinnunni á einstaka kostnaðarliði er í viðauka.

Guðlaug Erla Vilhjálmisdóttir verkstjóri kom aftur til starfa í apríl og sá um rekstur á gróðrarstöðinni. Skúli Björnsson var verkstjóri í skógi og sá um skógarhögg, gróðursetningu, girðingarvinnu og tilraunir með rótarskóga. Þór Þorfinnson sem frá áramótum 1985 er fastráðinn skógtæknir hér á Hallormsstað sá um ýmsa verkstjórn svo sem gróðursetningu, NSR tilraun o.fl. Þór vann við kortagerð og skráningu á skógarreitunum.

Páll Guttormsson var í hálfu starfi 1/2 árið og vann hann einkum við umhirðu nýskóga, klippingu og hreinsun en að auki sá hann um veðurathuganir eins og áður. Verkstjóramir Skúli og Erla sóttu námskeið á vegum Verkstjórnarfræðslu í Stjórnun I á Neskaupsstað í október og við þór fórum á samskonar námskeið í Reykjavík. Við teljum okkur hafa haft mikið gagn af þessu námskeiði sem skilar sér í skýrari verkaskiftingu og markvissari skipulagningu.



við bjargið , sem hefur verið vandamál í öll ár. Eftir að hafa fengið samþykki Seðlabankans fyrir þessu verki var hafist handa í haust. Girðingarlínunni er nú breytt þannig, að öll línunni upp á fjalli færast nær brúninni og farið er niður fyrir botna að norðanverðu. Seinnt í haust var hafist handa með því að Reynir Stéfánsson ýtti undir girðinguna af sinni alkunnu snilld. Gengið var frá nokkrum hornum og rennum þangað til frost stöðvaði allar framkvæmdir. Lögð var slóð upp frá bænum og upp í botna.

Efnisnotkun:

12 stk hornstaurar

4 r1 sigvír

2 r1 bindivír

Vinnustundir og launakostnaður í heild:

vinnustundir 638.

heildarlaunak. 96.880 kr.

#### 4.2. Nýjar girðingar.

Engar nýjar girðingar voru settar upp í löndum skógræktar ríkisins á árinu.

### V. SKÓGARHÖGG.

#### 5.1. Viður.

Skógarhögg í janúar - apríl:

a. Grisjaður birkiskermur í reit 301-3 samtals 0,7 ha.

b. Birkiskermur yfir þöll í reit 405-5 og 3 0.2 ha

c. Birki í reit 405-7 , grisjað fyrir gróðursetningu alls 0,5 ha

d. Birki í reit 405-10 fjarlægður skermur

e. Reitur 200, grisjaðar rásir í lerki til að gróðursetja greni þriðja hver rás tekin og grisjað á milli.

f. Reitur 195-4 fyrsta grisjun í ungum lerkiskógi við Mjóanes

g. Reitur 715-2 lerkigrisjun

h. Ranaskógur ,grisjað lerki, birki og rauðgreni, fyrir Eirík Kerúlf.

i. Sagað birki frá Þjóðvegi að beiðni vegagerðar ríkisins vegna vegaframkvæmda í skóginum frá Hafursá og inn að Mörk.

Skógarhögg í ágúst:

a. Lauffelling á birki í reit 511-20 og 22 skermur yfir hvítgreni 1.0 ha.

b. " " " " " 513-3,4 og 5 " " " 1,7 ha

c. " " " " " 302-7 og 3 " " rauðgr. og broddgr. 0.8 ha.

Í reitunum 511 og 513 í Hólunum var birkið sem felld var talsvert fúið og nýttist ekki í efnivið eins og búist hafði verið við.

### 5.1.1. Sala girðingarstaura árið 1985

Tafla V .

<u>Gerð staura</u>	<u>fjöldi seldra staura</u>
B II fúavarðir	819 stk
B III "	363 "
B III ófúavarðir	500 "
Skurðbakkastaurar fúav.	110 "
Styttur	150 "

### 5.1.2. Sala á viði 1985

Tafla VI .

Arinviður.....	1.803 pokar
Efniviður, birki,birkt.....	2.659 dm <sup>3</sup>
Efniviður, birki, óbirkt.....	3.577 "
Efniviður, lerki, óbirkt.....	2.510 "
Eldiviður ósagaður.....	9 tonn
Spænar.....	16 pokar
Birkiteinungur.....	175 kg
Lerkigreinar .....	15 kg
Plattar.....	90 stk
Könglar.....	4.5 kg
Lúpínufræ.....	0.4 kg

. t

Seldur viður alls 65 tonn

Brúttótekjur viður staurar 544.896 kr.

### 5.2. Jólatré

Jólatrén voru merkt seinustu vikuna í september, en byrjað var að fella þau 25 november, og þessi fyrstu tré send til Reykjavíkur um mánaðarmót. 2 des. var byrjað að félla trén fyrir Austfjarðamarkað og lauk afgreiðslu og útkeyrslu 23 desember. Trén voru með góðum lit og falleg og voru kaupendur hinir ánægðustu.

Það má geta þess hér að góða sumarið 1984 olli og kemur til með að valda erfiðleikum í jólatrésræktuninni þar sem stór hluti trjáanna er með 50-70cm árssprota en það gerir trén að lélegri söluvöru.

Þeir reitir sem mest var tekið úr að þessu sinni voru:

Rauðgreni reitir 604 og 302	Fjallapínur reitur 305
Blágreni reitir 719 og 721	Stafafura reitur 704

Tafla VII. Sala jólatrjáa á Hallormsstað 1985

Trjátegund	Stærðarflokkar														Alls
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	15.		
Rauðgreni	105	374	375	184	51	31	13	21	16	9	4	1		1.184	
Blágreni	1	26	29	14	7	2							1	80	
Stafafura	1	19	22	19	26	18								105	
Fjallapínur		22	54	88	35	14	1							214	
Broddgreni		1												1	
Alls	107	442	480	305	119	65	14	21	16	9	4	1	1	1.584	

Stafafurugreinar 66 kg  
 Þingreinar 51 kg  
 Ótilgreindar greinar 8 kg

Að þessu sinni voru höggvin nærri tvöfalt magn miðað við 1984, en nærri öll viðbótin fór í sölu í Reykjavík.

Vinnustundir við jólatrén urðu að þessu sinni

Launakostnaður.....

Brúttótekjur af sölu trjáa og greina..... 1.244.097 kr

## VI. GRÓÐRARSTÖÐ .

### 6.1. Fræplöntur.

Sjá töflu um sáningu en í ár var eingöngu sáð í fjölpotta.

Sáð var í lok maí og var byrjað á lerki í 95 gata bakka. Vorum við með nýja mold finnska, sem var betur unnin en sú sem við höfðum áður, reyndist mun fljótlegra að setja hana í bakkana.

Sáðum við greni og furu í 35 gata bretti, en birki og lerki í 95 gata bretti aðallega en gerðum prufu með að sá líka í 35 gata bretti.

Sáningin kom illa út, eins og áður er tífundað að flækingsfuglar Krossnefir átu allt fræið og í öðrulagi vegna sólarleysis og kulda á versta tíma. Við sáðum aftur í hluta af bökkunum en það kom illa út, var of seint gert. Það hefði komið sér vel að hafa kyndingu í stóra húsinu þetta vorið.

### 6.2. Dreifsetning. Sjá töflu um dreifsetningu

Dreifsetning í móband hófst í byrjun maí og lauk 24 maí, komu plönturnar vel út eftir sumarið. Þetta var væntanlega í síðasta skifti í vor sem við dreifsetjum í móband þar sem öll sáningin var eingöngu í fjölpottabretti, á þetta einnig við um hefðbundna dreifsetningu.

Dreifsetning á beð hófst ekki fyrr en 10 júní og var lokið um mánaðarmótin

júní júlí. Úðað var með Símasíni jafnóðum og var svo til ekkert illgresi í beðunum í sumar.

### 6.3. Garðplöntur.

Sjá töflu um garðplöntur, dreifsetningu, birgðir og afhendingu.

Pottað var afgangi af þeim græðlingum, sem stungið var haustið 1984 og hefur tegundum fjölgað nokkuð þar sem við fengum móðurplöntur frá Kjarna.

Græðlingastungan kom vel út einnig dreifsetning garðplantna . Upptaka hófst 22/5 nokkuð seint, stafaði það af verkfalli, en hún gekk vel.

Sala hófst 25 maí, en fór hægt af stað vegna leiðindaveðurs. Var plöntusalan með sama sniði og árið áður þ.e. ekki farið í söluferðir nema á Höfn og Vopnafjörð á hina staðina einungis keyrt út pöntunum.

Sent var nokkuð magn af stórum plöntum í Blómaval.

### 6.4. Afhending skógarplantna.

Sjá töflu um afhendingu.

Skógarplöntur til afhendingar voru fjölpottaplöntur, móbandsplöntur og plöntur sem teknar voru upp haustið 1984 og geymdar á frysti. Stafafura kom ekki vel út af frysti. Astand plantnanna var annars ágætt, lerki í fjölpottum í lægra kantinum, grenið misjafnt. Upptaka haustið 1985 gekk ágætlega. Geymd voru nokkur beð af greni sem ekki þótti nógu stórt til afhendingar 1986, annars var grenið mjög misjafnt.

### 6.5. Illgresiseyðing.

Það gekk þokkalega að eiga við illgresið. Dreifsetningarbeðin frá 1984 voru úðuð strax um vorið með símasíni og dreifsetningin 1985 jafnóðum, svo að sáralítið illgresi var þar.

Einnig reyndum við með símasín á garðplöntubeð en það kom ekki eins vel út, þó var bót af því. Úðað var með Round-up þar sem því var komið við og eins White spritt.

### 6.6. Nýframkvæmdir.

Lítið var um nýframkvæmdir í gróðrarstöðinni að þessu sinni. Við fengum SigurðEiríksson til að smíða vinnuborð í stóra gróðurhúsið. Borð þetta er gert úr álprófílum, nær þvert yfir húsið og rennur á vökvunarbómuskinnunum. Við sáningu er hægt að hafa alla útgerðina á borðinu og færast borðið svo með eftir því sem vinnunni miðar áfram,. Keyptur var nýr áburðablandari GEWA en hann kom það seint að ákveðið var að setja hann ekki upp fyrr en næsta vor.

### 6.7. Ýmislegt.

Keyptar voru nýjar síur á aðfærslulögnina í reitinn. Gömlu síurnar hafa verið lélegar og hefur það orsakað stíflur í spíssunum á vökvunarbómunum þannig að vökvunin hefur orðið ójöfn. Þó að síurnar væru nokkuð dýrar teljum við að þær hafi í raun margborgað sig á þessu eina sumri.

Neðsti reitur var hreinsaður og er ætlunin að snyrta þar eitthvað sumarið '86.

### 6.8. Kostnaður

Heildarkostnaður sem færður var á Gróðrarstöð er sem hér segir:

Vinnustundir urðu sjá sundurliðun í viðauka.  
Launakostnaður  
Vörur og þjónusta.

### 6.9. Sala

Sala á plöntum var sem hér segir:

Garðplöntur.....	2.018.844 kr
Hnausplöntur úr skógi.....	223.753 "
Skógarplöntur til einstakl.og.félaga....	420.424 "
" í eigin lönd.....	632.370 "
" Fljótsdalsáætlun.....	417.190 "
" Styrkir.....	134.517 "
" til annara deilda S.r. ....	215.940 "
Garðplöntur " " " " .....	680.109 "
Skjólbeltaplöntur.....	98.996 "

---

Brúttótekjur samtals 4.842.143 kr.

---

## VII. GRÓÐURSETNING.

Gróðursettar voru alls 87.040 plöntur í lönd skógræktar ríkisins. Engin ákvæðisvinna var í gróðursetningu í ár. Í Jórvík var ekkert plantað.

Gróðursetning hófst 6 júní í Hafursálandi neðan við Freyshóla og var plantað þar í grisjaðar rásir í lerkiteigana. Grisjað hafði verið veturinn áður önnur hver röð burt og þarna settum við Blágreni frá Arshuleta. Það er álitamál hvort þessi grisjun sé nægjanleg, lerkið er orðið 3-5 m á hæð og hætta á að það lokist of fljótt til að blágrenið og rauðgrenið nái sér af stað.

Næst var gróðursett sveigfura fyrir ofan og utan birkitilraunina á Ormsstaðagrund voru þetta hinar ágætustu plöntur. Þarna hafði verið grisjað veturinn áður.

11. júní byrjaði gróðursetning upp og inn af Borgargerðislæk. Þar voru gróðursettar 7.700 plöntur. Þó að þar væru að verki færustu plöntunarmenn, sem s,r. á Hallormsstað hefur yfir að ráða sóttist verkið fremur seint og var þar um að kenna miklu limi, sem var illt yfirferðar. Svæðið hafði verið grisjað með kjarrsög veturinn áður.

13.júní voru gróðursettar 5.250 rauðgrenipl. á milli lerkisins fyrir neðan Hafursá

og þjóðvegjar. Plantað var með bjúgskóflu, mannskapurinn fékk flog og kláruðust plönturnar samdægurs.

19.júní hófst gróðursetning úr fjölpottabrettum. Byrjað var með lerki, uppfyllingar í og á milli eldri lerkiteiga í Hafursá og Mjóanesi, alls 18.950 pl. Var þetta mjög tímafrek gróðursetning og uppfyllingarplöntun gjarnan er.

Samhliða plöntun á Hafursá og Mjóanesi hófst tilraunargróðursetning N:S.R. tilraun, á Buðlungavöllum 25 júní. N,S.R. plöntunin tók fjóra daga.

N.S.R. (nordiska skogsarbetsstudiernas ráð) tilraunin er þannig tilkomin að S.r. sem nú er fullgildur meðlimur í ráðinu, fékk styrkveitingu, 70.000 N.kr til að gera tilraun með jarðvinnslu, plöntugerð og plöntunaraðferð. Tilraunin fellst í að prófa og bera saman 4 gerðir af jarðvinnslu ( plægt, ósnert, tætt og roundupeitur), ólíkar plöntugerðir (bakkapl. dreifsettar bakkapl. dreifsettar sáðplöntur og móbandspl.), og aðlokum mismunandi plöntunaraðferðir ( stafur, haki og bjúgskófla). Einungis voru notaðar tvær tegundir, stafafura og lerki frá Hallormsstað og Tumastöðum. Tilraunin var gerð á Buðlungavöllum, Eiðum og á Tumastöðum . Alls fóru 32 dagsveik í tilraunina, 4 menn í 8 daga.

A sama tíma og tilraunaplöntunin átti sér stað var byrjað að gróðursetja lerki í Asum, inn af nýja Guttormslundinum, alls 28.350 pl.

16 júlí var plantað 2.970 stafafurum úr bökkum í plógstrengi við afleggjara að Freyshólum.

17 júlí var plantað stafafuru úr bökkum í plógstrengi á Eiðum alls 9,450 pl. Þar hefði þurft að ræsa betur fram úr strengjunum hið fyrsta. Var þetta síðasta gróðursetning í lönd s.r. á þessu ári, en jafnframt var gróðursett í Fljótsdalsáætlun á sama tíma, ( sjá síðar)

Alls voru notaðar 922 vinnustundir til að gróðursetja 87.040 plöntur.

Heildarlaunakostnaður var 117.674 kr sem gerir 1.35 pr. plöntu.

Í þessum kostnaðartölum er ekki N.S.R. tilraunin.

## VIII. HREINSUN PLANTNA.

### 8.1. Kjarrhreinsun.

Unnið var við kjarrhreinsun síðastliðin vetur og í sumar. Eru nú í dag til 5 kjarrsagir og er von okkar að stórauka megi hreinsun, enda ekki vanþörf á.

Sagaður var frá teinungur í eftirtöldum reitum:

Reitur 303-4,11,13,14,15,16.	2.2 ha	kínagr, rauðgr,blágr. stafafur
" 304-14	0.4 "	sitkagreni
" 704-4,6,10	0.8 "	stafafura
" 705-2	0.3 "	lindifura
" 710-12,13	0.5 "	blágreni
" 713-8	0,9 "	þinur
" 716-5	0.5 "	bergfura

Tafla VIII

Gróðursetning í lönd S.r. Hallormsstað 1985

Staður	Reitur nr	Dagssetn.	Tegund	Aldur	Kvæmi	Frænr.	Plöntufj.	Athugas.
Eiðar		17/7	Stafafura	2/0	Skagway	C-121	9.450	plógstr.
Hafursá	199	16/7	Stafafura	2/0	Skagway	C-121	2.970	
"	204	16/7	"	"	"	"	1.620	plógstreng
"	201	11/6	Rauðgreni	2/3	Bindal	B-803	5.250	
"	200	6/6	Blágreni	2/3	Arculeta	943	2.920	grisjaðr rásir
"	199		Rússalerki	1/0	Arkangel	skC143	6.300	
"	201		"	"	"	"	12.390	
"	206		"	"	"	"	2.450	
Mjóanes	195		"	"	"	"	700	í mel og gjót
"	196		"	"	"	"	3.500	
Asar			"	"	"	"	28.350	
Borgargerði	407	11-13/6	Rauðgreni	2/3	Bindal	B-803	7.700	
"	405	10/6	Blágreni	2/3	Arculeta	C-143	960	deilir.7
"	405	7/6	Sveigfura	3/4	B-967 og B962		2.480	

Samtals gróðursett 87.040 plöntur

Kjarrhreinsun framhald:

Reitur 718-3	0.3 ha.	rauðgreni
" 719-4	0.6 "	"
Samtals	6.6 ha	

Páll Guttormsson var við kjarrhreinsun, klippti frá barrtrjám og fór yfir eftirtalda reiti:

Reitur 804-15	Ljósárkinn	0.12 ha	Lindifura
" 719-13	Sjónarhraun	0.28 "	pinkvæmi
" 408-10,11	Lýsishóll	0.42 "	Hvítgr. og Bastarði
" 406-6	Flatiskógur	0.20 "	
" 304-11	Partinum	0.24 "	Lindifuru
" 305-3	"	0.48	Stafafuru
" 300-12	"	0.32 "	Hvítgr.tilraun
" 509-5	Hólum	0.12 "	Broddfuru
" 717-3,4.	Stórhólnum	0.16 "	Lindif. og Broddf.

Samtals 2.34 ha

Heildarkostnaður við umhirðu og grisjun 217.605 kr  
Vinnustundir 1.055.

IX. BYGGINGAR .

9.1. Viðhald.

a) Hallormsstaðabærinn.

Sáralítið viðhald var á húsinu að þessu sinni, þó var sett nýtt furugólf og nýjar þiljur í kvistherbergið yfir eldhúsinu, þessa framkvæmd vann skógarvörður sjálfur eina helgi. Slípað og lakkað var síðan yfir gólfið í kvistherberginu og eins í hjónaherberginu.

Gamli kolaofnin hrundi endanlega í haust og er búið að panta nýjan fullkomin viðarofn með innbyggðum rafmagnstúpum sem verður settur upp á næsta ári, verður maður þá vonandi laus við oliukyndinguna sem hefur verið hrekkjótt og kostnaðarsöm í gegn um árin.

b) Skemma.

Smíðaður var forláta stigi og handrið upp á loftskörina :

d) Akurgerði.

Leyfi fékkst til að útbúa litla íbúð í kjallaranum í Akurgerði fyrir Þór Þorfinnsson en hann hefur verið á hálfgerðum hrakhólum í húsnæðismálum síðan hann flutti hingað og hóf störf hjá stofnuninni.



Við fengum smið frá Austurverk hf Jón Hrólffsson til að sjá um framkvæmdirnar en starfsmenn S.r. komu þar inn í mörg verk. Verkið var unnið samkvæmt teikningu sem Þorvaldur Þorvaldsson hafði gert. Þetta var gert:

- a. Sett skilrúm fyrir neðan stigan til að skilja íbúðirnar af.
- b. Gestaherbergi og bókaherbergi breytt í eldhúskrók og stofu.
- c. Sett upp eldhúsinnrétting
- d. Lagt nýtt parkett á þann hluta sem breytingarnar voru gerðar
- e. Sett upp sturta í þvottaherbergi
- f. Útbúið þvottaherbergi í enda á geymslu.
- g. Timburgólfín slípuð og lökkuð
- h. Öll íbúðin máluð.
- i. Keypt eldavél

Okkur finnst að þetta hafi tekist vel og þarna er komin hin snotrasta íbúð, að vísu lítil.

Þá var gengið frá klæðningunni á austur og norðurvegg. Tekin var ný raftaug í húsið og um leið gerðar breytingar á kynditæki, sett stærri raftúpa og eins skift um mæla.

Heildarkostnaður við Akurgerði viðhaldsverkefni varð 453.780 kr.

## 9.2. Nývirki.

Hinn stórglæsilegi danspallur í Atlavík var í sviðsljósinu á þessu ári. Sett var varanlegt gólf á pallinn og eins lagfærð þakgrind yfir sviði. Nú stendur pallurinn í raun tilbúinn fyrir næstu hátið án þess að leggja þurfi í verulegan kostnað.

Þá voru sett upp 10 ný vatnssalerni í Atlavík, sem gjörbreyttu aðstöðu við fjölmennar samkomur.

Heildarkostnaður mannvirkjagerð í Atlavík varð 488.283 kr.

## X. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Viðarspil: Gerðar voru gagnangerar breytingar á þessu gamla og slitna spili. Var það gert að kröfu vinnueftirlits ríkisins. Handföngum var breytt þannig að einungis er hægt að stjórna spili innan úr traktor, sett öryggisgrind ofan á spilið, málað og lagfært.

U-3357 : Endurbætt olíugjöf. Hljóðeinangrun betrubætt. Nauðsynlega þyrfti að kaupa ný dekk undir bílinn á næsta ári.

U-1905 Ford : Pallskúffan var tekin af, soðið í hana og festingar lagfærðar. Settar voru nýjar bremsuskálar að framan, tekið upp hedd, slípaðir ventlar og réttar undirlyftustangir. Vélin er orðin svo slitin að það er aðeins tíma-spurning, hvénær hún endanlega gefst upp. Er þá helst hugsað til að setja diselvél í bílinn, því ótrúlega mikið er eftir af bílnum eftir 12 ára notkun hér á staðnum.

U-3829 Volvo: Keypt voru ný dekk og reyndust þau gjörbreyta aksturseiginleikum bílsins til hins betra. Annars var hið venjulega viðhald, svokölluð Lappaveiki.

Ford-5000 dráttarvél: Réttir vou öxlar fyrir millihjól á belti. Keyptar dísur í spissana.

Ud-366 Massey-Ferguson: Gert við olíuverkið. Er nú komin tími á stærra viðhald að sögn sérfróðra manna, taka upp vél og yfirfara allt tækið.

